

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	
Markmið	<p>Mikill áhugi er til staðar hjá fjárfestum að taka þátt í uppbyggingu landvinnslu á stórþara. Í viðræðum við þá hefur yfirleitt strandað á því að eftirfarandi undirbúningsþáttum er ábótavant.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Rannsóknir á dreifingu og magni stórþara við Norðurland. 2. Fá útgefið leyfi til rannsókna og nýtingar á stórþara við Norðurland. 3. Söfnun og þurrkun sýnishorna af stórþara til gæðaprófana. 4. Klára prófanir á þaraskurðarvél til notkunar á sjó. 5. Klára prófanir á þurrk- og framleiðsluferlum í landi. <p>Markmiðið er að ljúka þessum þáttum og skapa þannig öryggi um aðgengi að stórþara til lengri tíma nýtingar. Aðstandendur verkefnisins eru þess fullvissir að þegar þessum þáttum er lokið verða fjárfestar tilbúnir að taka þátt.</p>
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Sónarbúnaður sem uppfyllir kröfur Hafrannsóknarstofnunar verður settur um borð í bátinn Fönix BA-123 sem er í eigu Krossa-útgerðarfélags. Í sumar verða rannsókuð a.m.k. fjögur svæði við Norðurland til að meta útbreiðslu og þéttleika stórþara á svæðinu. Unnið verður samkvæmt forskrift frá Hafrannsóknarstofnun (sjá fylgiskjal: „Tillögur að rannsóknum sumarið 2020“).</p> <p>Úrvinnsla verður svo framkvæmd af sérfræðingum stofnunarinnar og verður grunnur að áætlun um framtíðarnýtingu stórþara. Sé þess nokkur kostur verða öll svæðin sem fjallað er um í tillögunni rannsókuð í sumar.</p> <p>Fönix BA-123 verður útbúinn dráttarbúnaði (krana og gálga) ásamt einfaldri vinnslulínu til að slæða upp stórþara til að:</p> <ol style="list-style-type: none"> a) Klára prófanir á þaraskurðarvél b) Klára prófanir á framleiðsluferlum í landi c) Fá sýnishorn til gæðaprófana hjá væntanlegum kaupendum <p>Sýnishorn verða flutt til þurrkunar, væntanlega í Miðhraun á Snæfellsnesi til að byrja með, og þaðan send út til gæðaprófana.</p> <p>Fjárbörf verkefnisins í heild er metin á um 2,3 milljarða króna. Ársvelta er áætluð ríflega 6 milljarðar króna við full afköst. Unnið er með Íslenskum verðbréfum að fjármögnun verkefnisins í heild.</p> <p>Gangi fjármögnunaráætlanir eftir mun uppsetning á landvinnslu hefjast á Húsavík síðla árs 2020. Áætlað er að framleiðsla geti hafist þar á 2. ársfjórðungi 2021.</p>
Framkvæmdaaðili	<p>Snæbjörn Sigurðarson- Verkefnastjóri kt 281274-6009- s. 669 8425 Hafþór Jónsson- Útgerðarmaður og vélstjóri kt 221267-4279 Krossi útgerðarfélag kt 430502-4090</p>

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni


Samstarfsaðilar	Íslensk verðbréf kt 610587-1519 Marine Biopolymers í Skotlandi
Tengsl við sóknaráætlun	<ul style="list-style-type: none"> - Sjálfbær nýting á vannýttu hráefni til framleiðslu á verðmætum afurðum í matvæla-, heilsuvöru- og lyfjaiðnað - Fjölgar fjárfestingarmöguleikum - Eykur verðmætasköpun í frumgreinum og fullvinnslu - Fjölgar tækifærum til rannsókna og vöruþróunar - Styður við starfsemi Háskólans á Akureyri - Eykur tækifæri til frekari nýsköpunar í útgerðar-, matvæla- og velferðartækni
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	<ul style="list-style-type: none"> - Heilsa og vellíðan - Sjálfbær orka - Góð atvinna og hagvöxtur - Nýsköpun og uppbygging - Ábyrg neysla og framleiðsla
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"> - Rannsóknum lokið(ágúst) - Prófunum á þaraskurðarvél lokið(ágúst) - Prófunum á framleiðsluaðferðum lokið(ágúst/sept) - Staðfesting Hafrannsóknarstofnunar á útbreiðslu og magni stórpara ásamt tillögum að leyfilegri nýtingu(sept/okt) - Rannsóknarleyfi sem heimilar nýtingu gefið út(október) - Staðfesting á að þurrkaðar afurðir uppfylli kröfur kaupenda(október)
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	<ul style="list-style-type: none"> - Útgefið rannsóknarleyfi sem heimilar nýtingu til a.m.k. 3 ára. - Staðfesting á gæðum þeirra afurða sem unnin eru úr stórþaranum. - Þaraskurðarvél komin í fulla virkni. - Framleiðsluferlar á landi prófaðir að fullu. - Fjármögnun uppbyggingar á stórþaravinnslu á landi langt komin eða lokið.
Upphaf og lok verkefnis	Þessi hluti verkefnisins: Júní-október 2020 Útgerð og landvinnsla verði komin í full afköst 2026
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Öflun búnaðar og standsetning á Fönix BA-123: 3-3,5 milljónir Bátur, áhöfn og kafarar við rannsókn á 4 svæðum: 4 milljónir Kostnaður Hafró við rannsóknir á 4 svæðum: 8 milljónir Prófanir á þaraskurðarvél: 1,5-2 milljónir Flutningur á 350 tonnum af stórpara til þurrkunar: 7,5 milljónir Prófanir á framleiðsluferlum í landi: 2-3 milljónir Þurrkun og gerð sýnishorna: 3 milljónir Samtals: 29-31 milljón
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Sótt er um 15 milljónir fyrir árið 2020.
Mótframlag (ef við á)	Annar kostnaður er borinn af framkvæmdaaðilum verkefnisins.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	

Viðauki

Uppbygging landvinnslu á stórpara hefur verið í undirbúningi í töluverðan tíma, bæði hér á Íslandi og erlendis. Sumarið 2019 stóðu aðstandendur verkefnisins í samvinnu við Hafró fyrir rannsóknum á dreifingu stórpara við Tröllaskaga(sjá fylgiskjal: Kelp.trollaskagi.Sept.2019.pdf). Einnig hefur gögnum verið safnað með viðtölum við norðlenska grásleppusjómenn sem þekkja útbreiðslu þarans sennilega best allra. Niðurstöður lofa góðu og benda til þess að magn stórpara við Norðurland sé a.m.k. 4 milljónir tonna. Rannsóknir í Noregi, þar sem þaranýting á sér áratugasögu, sýna að með notkun réttra aðferða séu nýtingarsvæði að fullu búin að jafna sig á 2-4 árum(sjá fylgiskjal: Norwegian_seaweed_industry_WP12.pdf).

Strax í sumar munu verða til 4-6 störf við verkefnastjórn, rannsóknir og prófanir auk aðkeyptrar þjónustu. Þegar fjármögnun liggur fyrir mun uppbygging landvinnslu hefjast á Húsavík auk standsetningar á skipi(60-80 tonna) til hráefnisöflunar sem kallar á aukinn mannskap og þjónustukaup. Þegar landvinnsla hefst fyrri part árs 2021 er gert ráð fyrir a.m.k. 15 beinum störfum í landi. Áætlanir gera ráð fyrir að þeim muni fjölga jafnt og þétt og að bein störf verði orðin um 90 árið 2026 þegar framleiðsla er komin í full afköst.

Eftirfarandi mynd sýnir vænta þróun þaraöflunar og fjölda starfa í landi.



Þaraafinn fyrsta árið er áætlaður um 350 tonn sem muni svo aukast í 35.000 tonn árið 2026 þegar stafsemin hefur náð fullum afköstum.

Þetta verkefni fellur nokkuð vel að því sem kallað er „eitthvað annað“ í atvinnumálum. Gríðarleg tækifæri liggja í nýtingu sjávargróðurs við Ísland sem sífelld fleiri eru að gera sér grein fyrir. Í því samhengi er ástæða til að vekja athygli á umfjöllun Sjávarklasans um tækifæri í þaraskógunum við Ísland: <http://www.sjavarklasinn.is/wp-content/uploads/2020/03/%C3%9Earask%C3%B3gur.pdf>